

Fréttabréf Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi

26. febrúar 2014

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í vikunni sem er að líða hafa nemendur unnið hörðum höndum í nýsköpun og eru verk nemenda farin að taka á sig flotta mynd. Í síðustu viku var þeim krökkum í 4.-6. bekk sem hafa verið vinaliðar í vetur boðið í bíó af aðstandendum Vinaliðaverkefnisins og skemmtu þau sér að sjálfsögðu vel. Nýir vinaliðar hafa þegar tekið til starfa og fóru þeir á námskeið í síðustu viku.

Starfið framundan:

Villi naglbítur

Fimmtudag 27. febrúar kl.13:30-15 fara nemendur 9. og 10. bekkjar á Sauðárkrók í FNV á vísindakynningu hjá Villa naglbít. Kynningin er til kl.15:00 svo hugsanlega verður heimakstur aðeins seinna en vanalega.

Skíðaferð

Föstudaginn 28. febrúar verður skíðaferð hjá öllum skólanum upp í Tindastól. Farið verður strax að morgni kl.8:40. Áætlað er að leggja af stað úr fjallinu á bilinu kl.12:30-13. Nemendur fá nesti með sér frá skólanum og snæddur verður léttur hádegismatur áður en lagt er af stað heim. Nemendur bera engan kostnað af ferðinni.

Nýsköpunarsýning og foreldrafundur

Mánudaginn 3. mars kl.15:30-16:30 verður sýning hjá nemendum skólans á verkum þeirra frá því í nýsköpunarvikunni. Að sýningunni lokinni, kl.16:45, verður verður foreldrafundur/vinnufundur þar sem foreldrum verða kynntar nýjar og breyttar áherslur í aðalnámsskránni. Skólabíll keyrir þá nemendur heim kl.16:30, sem ekki fara í gæslu. **Vegna nýsköpunarsýningarinnar hefst skóladagurinn kl.10:30 og seinkar því skólaakstrinum sem því nemur.**

Skólaheimsókn í FNV

Mánudaginn 3. mars kl.9:45-12:30 fara nemendur 10. bekkjar í skólaheimsókn í FNV og kynnst því starfi sem þar fer fram. Mun heimsóknin enda með því að nemendurnir snæða hádegismat í skólanum.

Öskudagur

Á miðvikudaginn 5. mars er öskudagur og þá brjótum við upp skólastarfið að vanda. Þá mæta nemendur í skólann á venjulegum tíma, uppáklæddir í hina ýmsu búninga. Tímanum fram að kaffi er svo varið í að mála þá sem þessa þurfa og æfa söng. Eftir kaffi eru fyrirtækin í staðnum heimsótt þar sem ævinlega er tekið á móti okkur með einhverjum kræsingum. Skóla lýkur svo um kl. 12 á hádegi.

Grímuball.

Að þessu sinni verða okkar árlegu grímuböll þriðjudaginn 4. mars, sprengidag. Kl. 16:00-18:00 verður haldið ball fyrir 1.-6. bekk ásamt leikskólabörnunum en fyrir 7.-10. bekk kl. 19:30-21:30.

Vetrarfrí

Fimmtudaginn og föstudaginn 6. og 7. mars er frí í skólanum vegna vetrarfrís.

Forföll nemenda

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að muna að láta skólann vita af forföllum nemenda, hvort sem um er að ræða veikindi eða frí. Einnig að láta skólabílstjórana vita af forföllum þar sem það á við.

Stærðfræðikeppni 9. bekkjar

Þriðjudaginn 11. mars munu nemendur 9. bekkjar taka þátt í stærðfræðikeppni FNV. Munu nemendur leysa verkefnið í skólanum á skólatíma. Keppnin nær yfir grunnskólana hér í Skagafirði og Fjallabyggð. Síðan munu 15 efstu nemendurnir keppa í lokakeppni sem fram fer föstudaginn 4. apríl í FNV.

Skólahreysti

Miðvikudaginn 12. mars munu nemendur GAV keppa í skólahreysti á Akureyri í Norðurlandsriðli ásamt 19 öðrum skólum. Fer keppnin fram í Íþróttahöllinni og hefst kl.13:00. Nemendur í 8., 9. og 10. bekk fara með keppendum til Akureyrar. Kostnaðurinn við ferðina er 2000 kr. en ferðin verður betur auglýst er nær dregur.

Kaffihús

Fimmtudaginn 13. mars halda nemendur 9. bekkjar kaffihús og að þessu sinni verður Kaffikerlingin Undir Byrðunni í Háskólanum á Hólum. Kaffihúsið verður auglýst betur þegar nær dregur.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi